

## Althorn

Althorn í Es, einnig nefnt Es-horn, er einkum notað í ýmsum gerðum blásarasveita. Flestir nemendur hér á landi hafa skipt frá alhorni yfir á franskt horn þegar lengra líður á námsferilinn og því miðast þessi námskrá eingöngu við grunnnám og miðnám.



Nám á althorn getur hafist þegar nemendur hafa líkamlega burði til að leika á hljóðfærið. Algengast er að nám á althorn hefjist við 8 til 9 ára aldur.

Fyrir allmörgum árum var skylt hljóðfæri, „mellophone“, þróað í Bandaríkjunum. Þetta hljóðfæri getur bæði virkað sem Es- og F-hljóðfæri og er því sérlega heppilegt í lúðrasveitum.

Althorn er mikið notað í Bretlandi en þar er það kallað „tenor horn“. Þetta getur valdið nokkrum misskilningi þar sem barítónhorn er stundum kallað tenórhorn á Íslandi. Hafa ber í huga að mikið af kennsluefni fyrir althorn kemur frá Bretlandi og er í flestum tilfellum merkt tenórhorni.

Tónlist fyrir althorn er skrifuð í G-lykli. Á síðustu árum hefur einleiksverkum, sem sérstaklega eru samin fyrir althorn, fjölgað en þrátt fyrir sem samin er fyrir önnur hljóðfæri.

Mikið er til af samleiksverkum fyrir málmblásara. Algengust eru kvintettar, kvartettar og tríó en einnig er talsvert um verk fyrir stærri hópa, svo sem lúðrasveitir og málmblásarakóra. Mjög æskilegt er að nemendum á málmblásturshljóðfæri gefist tækifæri til að kynnst þessari tónlist, gjarnan í reglulegu starfi samleikshópa. *(Aðalnámskrá tónlistarskóla)*

---

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri, slagverk, gítar og söng hefja þátttöku í **hljómsveitum eða samspili** strax og geta leyfir (á 1. - 3. ári).